

## Fundur foreldraráð 28. september 2023

**Kl: 18.00 -19.00**

Berglind Pétursdóttir, Lóa Guðrún Gísladóttir, Rósa María Sigurgeirsdóttir, Þórdís Þöll  
Þráinsdóttir og Ingunn Ríkharðsdóttir, skólastjóri

### 1. Verkefnið Skráningardagar í leikskólum

Tilraunaverkefni skólaárið 2023 -2024 þar sem sett er á vetrarfrí ( október og febrúar) í leikskólum Akraneskaupstaðar, jólafrí og frí í dymbilvikum – alls ellefu dagar. Ef börn eru í frí þessa daga og skráning liggur fyrir um mánaðamótin sept -október þá er desember gjaldfrjálst. Þegar niðurstaða úr skráningum foreldra liggur fyrir verður hægt að skipuleggja úttekt á áunninni styttingu vinnuvikunnar hjá starfsforeldrum.

Foreldrar þurfa að skrá mætingu barna sinna ef þeir þurfa að nýta þessa daga að hluta eða öllu leyti og ef engin skráning berst er lítið svo á að barnið mæti ekki í leikskólann.

Foreldraráði list vel á þetta verkefni og sjá það sem tækifæri fyrir foreldra til að gefa börnum sínum frí en um leið er opið fyrir þau börn sem þess þurfa.

**Rætt um að setja inn áminningu Ertu búin að skrá ?** Gefinn verður tími í næstu viku ef foreldrar vilja / þurfa að breyta – samvinnuverkefni.

### 2. Tilfærsla á skipulagsdögum vegna Námsferðar til Berlínar í apríl 2024.

Sótt er um að skipulagsdagur 2. janúar 2024 og 2. Apríl 2024 færist yfir föstudaginn 26. apríl og mánudaginn 29. apríl. Leikskólinn verði þá opinn á upphaflegu skipulagsdögum.

Foreldraráð samþykkir umsókn um tilfærslur daganna.

### 3. Farsæld barna – snemmtækur stuðningur við foreldra og börn.

Sagt frá verkefni á vegum Háskóla Íslands með leik og grunnskólum og sótti Garðasel um að fá að taka þátt í verkefninu sem fellur vel að Farsæld barna.

Garðasel fór í hóp fyrir 1 -3 ára börn þar sem sá hópur er stór í skólanum.

Ragnheiður Dagný og Kristín Releena tengiliðir skólans í verkefninu.

Fundargerð ritaði Ingunn Ríkharðsdóttir skólastjóri